

## **6-12.1 Tillaga um úthlutunarreglur fyrir skóla /menntastofnanir**

**Orlofsnefnd ákvað að vísa þessu til stjórnar orlofssjóðs og leggja ekki aftur fyrir þingið.**

### Tillaga um úthlutunarreglur fyrir skóla / menntastofnanir

Lagt er til að skólar/menntastofnanir geti bókað, tvisvar á vetri, íbúð/herbergi/orlofshús hjá Orlofssjóði KÍ á kennitölu síns aðildarfélags innan KÍ og greiði, auk leiguverðs, punktaálag.

#### **Greinargerð:**

Ef skólar/menntastofnanir þurfa að leigja húsnæði frá Orlofssjóði KÍ þá hefur það hingað til verið gert á þann máta að félagar í Orlofssjóði, sem eiga orlofspunkta, bókuðu í eigin nafni. Þetta hefur ekki mælst vel fyrir hjá félagsmönnum þar sem að þeir þurfa að fórna eigin punktum fyrir vinnustaðinn.

Til að reyna að koma í veg fyrir þetta var farið að bóka á nafn Orlofssjóðs sem hafði það í för með sér að einungis barst greiðsla á leiguverði til Orlofssjóðs frá leigutaka, en engir punktar eru lagðir inn á móti.

Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ var fenginn til að reikna út verðgildi orlofspunkta og telst honum það til að hver punktur sé verðmetinn á kr. 500.

Dæmi: Hús sem kostar 18.000 kr. yfir helgi (tveir dagar) og 8 punkta á dag (16 punktar alls) myndi þá reiknast á 16 punktar sinnum 500 kr. eða 8.000 kr. í punktaálag. Verð fyrir skóla/menntastofnun er þá 18.000 kr. plús 8.000 kr. eða alls 26.000 kr.

Allar slíkar umsóknir yrðu að sendast beint á Orlofssjóð og þær afgreiddar þar og ekki yrði heimilt að leigja á þennan máta yfir sumartímann þegar mikil ásókn er í alla orlofskosti.